

## REGLUR um hreindýraveiðar á Austurlandi.

### 1. gr.

Heimilt skal að veiða allt að 850 hreindýr í Múlasýslum og Austur-Skaftafells-sýslu árlega á tímabilinu 14. ágúst til 20. september. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar síðar á árinu, ef í ljós kemur, að eigi hefur á aðalveiðitímabilinu tekizt að ná þeirri tölu dýra, sem heimilt er að farga, enda mæli eftirlistmenn hreindýra með lengingu veiðitímans.

Ráðuneytið ákveður hvort og þá hve mörg dýr skuli veidd árlega að undan-ginginni könnun á stærð hreindýrahjarðarinnar.

### 2. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn einir annast veiði hreindýra.

### 3. gr.

Andvirði þeirra dýra, sem veidd verða samkvæmt 1. gr. skiptist milli eftir-greindra hreppa í þessum hlutföllum:

1. Vopnafjarðarhreppur .....	25 hreindýr
2. Fljótsdalshreppur .....	170 —
3. Jökuldalshreppur .....	150 —
4. Fellahreppur .....	90 —
5. Tunguhreppur .....	80 —
6. Hlíðarhreppur .....	30 —
7. Hjaltastaðahreppur .....	30 —
8. Skriðdalshreppur .....	53 —
9. Vallahreppur .....	50 —
10. Egilsstaðahreppur .....	7 —
11. Eiðahreppur .....	30 —
12. Breiðdalshreppur .....	35 —
13. Beruneshreppur .....	25 —
14. Geithellahreppur .....	25 —
15. Búlandshreppur .....	10 —
16. Bæjarhreppur .....	25 —
17. Nesjahreppur .....	25 —

Samtals 850 hreindýr

### 4. gr.

Auk þeirra hreindýra, sem skiptast samkvæmt framansögðu, getur ráðuneytið leyft veiði nokkurra dýra í viðbót, ef henta þykir, m. a. handa söfnum, til vísinda-legra rannsókna o. fl., og koma þau dýr eigi til skipta. Veiðin fari fram undir eftir-liti hreindýraeftirlitsmanns, sbr. 5. gr.

**5. gr.**

Hreindýraeftirlitsmenn ráðuneytisins framkvæma þá fækkun hreindýra, sem ákveðin kann að verða hverju sinni, ásamt aðstoðarmönnum, sem ráðuneytið samþykkir.

Andvirði felldra hreindýra greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs samkvæmt hlutfalli í 3. gr., en hver hreppsnefnd skiptir fénu innan síns svæðis. Skal hreppsnefnd fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitolönd sín, njóta arðs af veiðunum, en síðan sveitarsjóð. Heimilt er hreppsnefnd að skipta þannig, að þeir bændur, sem njóta eiga arðs af veiðinni, verði hreindýraeftirlitsmanni til aðstoðar og fái sinn hlut í hreindýraafurðum í stað greiðslu.

**6. gr.**

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverjum þeirra hreppa, sem nefndir eru í 3. gr. Skal hann ráðinn af menntamálaráðuneytinu að fengnum tillögum hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslumanns. Ráðuneytið ákveður og greiðir þóknun hans fyrir starfið. Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður, sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp og hefur hann einnig umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

**7. gr.**

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, er til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna, að dómi aðalhreindýraeftirlitsmanns. Gætt skal þess, að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 69/1936 og reglugerð nr. 105/1936. Aðalhreindýraeftirlitsmaður ákveður, hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota.

**8. gr.**

Hreindýraeftirlitsmenn skulu gæta þess vandlega að hreindýr séu ekki veidd á þeim slóðum, þar sem þau eru að nema ný lönd og talið er æskilegt að þau hagvenjist, heldur þar sem ætlunin er að bægja þeim frá.

**9. gr.**

Hreindýraeftirlitsmenn skulu sjá um, að veidd séu þau dýr, sem minnstur skaði er að fyrir eðlilegan vöxt og viðgang hjarðarinnar. Þeir skulu senda ráðuneytinu skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum.

**10. gr.**

Athygli er vakin á, að skv. lögum nr. 30/1966, um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum, er óheimilt að hafa hreindýrakjöt til sölu, nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni.

**11. gr.**

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 72/1954, um breyting á lögum nr. 28/1940, um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, varðar allt að 50 000.00 kr. sekt.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múlasýslum.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar fyrir haustið 1973.

*Menntamálaráðuneytið, 17. ágúst 1972.*

**Magnús T. Ólafsson.**

*Birgir Thorlacius.*